

Óheimilt er að nota tekjur af gjaldi því, er um ræðir í þessari grein, til annars en reglugerð þessi ákveður. Tekjuafgangur færist milli ára, en komi í ljós að gjaldið megi lækka eða nauðsyn sé að hækka það getur samgönguráðherra breytt ákvæðum um fjárhæð gjaldsins í grein þessari að fenginni umsögn skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðar-máladeildar.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 29 frá 23. mars 1983 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 321 frá 5. júlí 1979 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, með síðari breytingum nr. 74/1982.

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1983.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfja-kostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 50 kr., en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 100 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. kr. 25 og kr. 50 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78/1983 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.